



9. febrúar 2015

Varðar: Norðurberg - bílastæði

Undirritaður Erlendur Árni Hjálmarsson f.h. Fasteignafélags Hafnarfjarðar gerir umsögn um eftirfarandi beiðni.

„ Leikskólastjóri leikskólans Norðurbergs að Norðurvangi 13b sækir um leyfi til að setja upp skilti/spjald þar sem almenningur er vinsamlegast beðinn um að leggja ekki bílum sínum á bílastæði leikskólans Norðurbergs á bilinu 07.30 til 17.00 alla virka daga „

Færð eru rök fyrir beiðni þessari m.a. að umrædd bílastæði eru ekki nema 21 en í leikskólanum vinna 34 starfsmenn og skráð börn eru 114.

Leikskóli þessi er tekinn í notkun árið 1982, á þeim tíma voru ekki skilgreind bílastæði innan lóða stofnana til að uppfylla þarfir um bílastæði eins og gert er í dag. Við vettvangsskoðun er greinilegt að mikil þörf er á þessum bílastæðum fyrir leikskólann.

Þá má geta þess að samskonar skilti/spjald hefur verið sett upp á öðrum stöðum við sambærilegar aðstæður.

Að framansögðu mælir undirritaður f.h. Fasteignafélags Hafnarfjarðar með því að verða við erindi leikskólastjórans að merkja bílastæðin með forgang fyrir leikskólann á fyrrgreindum tímum.

Virðingarfyllt

Erlendur Árni Hjálmarsson
Forstöðumaður Fasteignafélags Hafnarfjarðar